

UMSÖGN UM DRÖG AÐ ÞINGSÁLYKTUN UM STEFNU OG AÐGERÐARÁÆTLUN Í GEÐHEILBRIGÐISMÁLUM

Landssamtökin Geðhjálp lýsa yfir ánægju sinni yfir að ýtt hafi verið úr vör vinnu við stefnumótun á sviði geðheilbrigðismála. Samtökin óskuðu eftir því að fulltrúi þeirra yrði skipaður í stýrihóp um vinnu við stefnumótunina og var því hafnað af hálfu ráðuneytisins. Hins vegar tóku fulltrúar samtakanna þátt í starfi fimm undirhópa og er sérstaklega þakkað fyrir tækifæri þeirra til að koma að þeirri vinnu.

Í framhaldi af vinnu hópanna hefur velferðarráðuneytið óskað eftir umsögnum um fyrirbyggjandi þingsályktun um *stefnu og aðgerðaráætlun* til fjögurra ára í geðheilbrigðismálum á Íslandi. Geðhjálp vekur athygli á því að drögin fela í raun ekki í sér eiginlega stefnu eins og skilgreining ráðuneytisins gefur til kynna heldur aðeins aðgerðaráætlun.

Athygli fulltrúa velferðarráðuneytisins var í upphafi vakin á því að eðlilegt væri að hefja eiginlega vinnu við stefnumótun á sviði geðheilbrigðisþjónustu á breiðum umræðugrunni um hugmyndafræði stefnunnar. Nauðsynlegt væri að setja kompásinn í upphafi í því skyni að tryggja sameiginlegan skilning á meginmarkmiðum og markvissara starf við útfærslu/aðgerðaráætlun.

Minnt var á hugmyndafræði valdeflingar – bæði hvað varðaði ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu og ábyrgð samfélagsins á því að yta úr vegi hindrunum, tryggja réttindi og bjóða upp á viðeigandi þjónustu og aðstæður fyrir veika og fatlaða. Vísað er í Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks með tilheyrandi skýringum hvað síðari liðinn varðar. Athygli vekur að á sama tíma og unnið er að því að innleiða inntak þessa grundvallarsamnings um réttindi fatlaðra í íslensk lög skuli hvergi vera minnst á hann í drögum.

Með hliðsjón af ofansögðu er óskað eftir því að gerð verði ítarlegri grein fyrir meginmarkmiðum íslenskrar geðheilbrigðisstefnu en gert er í fyrsta lið undir yfirskriftinni *Meginmarkmið geðheilbrigðisstefnu*. Þar verði gerð grein fyrir hugmyndafræði stefnunnar og helstu markmiðum, m.a. um meginþætti eins og aðbúnað barna og barnafjölskyldna, þjónustu við almenning með geðrænan vanda, almenna geðrækt, baráttu gegn fordómum, afstöðu til lyfjaneyslu og áfram mætti telja.

Landssamtök Geðhjálp leggja áherslu á að vandað sé til verka við jafn þýðingarmikla vinnu og mótun geðheilbrigðisstefnu. Eðlilegt er að gerð sé úttekt á ástandinu á Íslandi og rýnt í erlendar fyrirmyndir á sviði stefnumótunar í geðheilbrigðismálum áður en hafist er handa við

eiginlega stefnumótun. Reynsla annarra þjóða getur gefið góða vísbendingu um hvað beri að varast í heildarstefnumótun, t.a.m. gefur reynsla annarra þjóða sterklega til kynna að varast beri ofgreiningar og óhóflega lyfjagjöf innan geðheilbrigðisþjónustunnar.

Á hinn bóginn ber flestum framsæknum þjóðum á sviði geðheilbrigðis saman um gildi þess að nýta dýrmætt framlag notenda geðheilbrigðisþjónustunnar til stefnumótunar og framkvæmdar þjónustunnar. Sameiginleg reynsla veldur því t.a.m. að notendur eiga almennt auðveldara með að ávinna sér traust annarra notenda heldur en fagfólk. Í reynslu notenda felst dýrmætt innsæi í eðli þjónustunnar og gæði hennar. Því er mikilvægt að þessi þekking nýtist og stuðli þar með að bættum árangri.

Brýnt er að notendur séu ætíð hafðir með í ráðum þegar kemur að stefnumótun á svið geðheilbrigðismála. Tryggt sé að fulltrúar þeirra séu skipaður í nefndir og starfshópa á vegum hins opinbera um mótun og veitingu þjónustunnar. Með sama hætti sé notendum skapaður farvegur til að taka virkan þátt í þverfaglegum teymum og fræðslu til annarra notenda, almennings, vinnuveitanda, fagfólks og annarra viðkomandi faghópa.

Lýst er yfir ánægju með metnaðarfull verkefni í þágu barna, almennt, barna foreldra með geðrænan vanda og barna með geðrænan vanda. Á hinn bóginn sakna samtökin þess að bætt sé úr brotalömmum í þjónustu við börn og ungmenni með tvíþættan vanda. Í því sambandi er vísað í lista yfir brýnar umbætur á sviði þjónustu við ungmenni með tvíþættan vanda og foreldra þeirra í hjálögðu bréfi Geðhjálp til félags- og húsnæðisráðherra frá 27. maí síðastliðinn. Efst er farið fram á að mótuð verði heildarstefna í málefnum barna og ungmenna með geðrænan og vímuefnavanda og foreldra þeirra innan geðheilbrigðisstefnu, sbr. hjálagt afrit af bréfi.

Síðast en ekki síst leggur Geðhjálp áherslu á að ítarlega sé gerð grein fyrir því í drögunum hvernig fylgst verði með árangri einstakra verkefna næstu fjögur árin. Þá skortir upplýsingar um hvað taki við þegar tímabilinu lýkur.

ÁBENDINGAR UM EINSTÖK VERKEFNI

A.1

Algengt er að notendur upplifi gjá á milli þjónustu ríkis og sveitarfélaga á geðheilbrigðissviðinu. Samstarfssamningar um útfærslu samþættrar þjónustu þessara aðila við einstaklinga með geðraskanir verða vonandi til að bæta úr þessum vanda. Jafnframt hvetur Geðhjálp hið opinbera til að auka samstarf sitt við atvinnulífið í því skyni að stuðla að aukinni virkni fólks með geðraskanir á vinnumarkaði.

A.2

Þverfagleg teymi á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni hafa gefið góða raun. Geðhjálp leggur í því sambandi áherslu á að notendur eigi ávallt sæti í slíkum teymum. Bent er á að hugsanlegt sé að teymi veiti ekki aðeins þjónustu í nærumhverfi heldur semji um þjónustu við viðkvæma hópa á borð við fanga.

Geðhjálp saknar þess að ekki skuli fjallað um geðheilbrigðisþjónustu við fanga með ítarlegri hætti í stefnunni. Samtökin telja ákjósanlegt að þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks og notenda sinni heilbrigðisþjónustu við hvert fangelsi fyrir sig í því skyni að tryggja heildstæða, einstaklingsmiðaða þjónustu.

Almenn markmið betrunar verði að byggja fanga upp persónulega, félagslega og samfélagslega í því augnmiði að skila virkum, sjálfstæðum, jákvæðum einstaklingum úti í samfélagið ásamt því að fækka endurkomum.

A.3

Geðhjálp fagnar því að aðgengi að sálfræðingum á heilsugæslustigi sé aukið. Athygli er vakin á nauðsyn þess að aðrar félags- og heilbrigðisstéttir eins og iðjuþjálfar og félagsráðgjafar taki þátt í mótun og veitingu þjónustunnar og minnt er á að fleiri félags- og heilbrigðisstéttir en sálfræðingar beiti aðferðum eins og hugrænni atferlismeðferð í vinnu sinni. Með sama hætti er nauðsynlegt að skapa farveg fyrir notendareynslu/þekkingu innan heilsugæslunnar. Stuðla ber að valdeflingu og leggja áherslu á lýðheilsuleiðir eins og hreyfiseðla í því skyni að stuðla að bata.

Þjónustan þarf að vera aðgengileg bæði á og utan höfuðborgarsvæðisins, ekki aðeins utan höfuðborgarsvæðisins eins og segir í fyrirsögn. Nauðsynlegt er að skilgreina betur mælikvarða, þ.e. hvað felist í hugtakinu aðgengilegt. Þegar biðtími er óeðlilega langur er ekki um raunverulegt aðgengi að ræða. Eðlilegt er að miða fjölda stöðugilda við íbúafjölda á viðkomandi svæði.

A.4

Geðhjálp styður hugmyndir stjórnvalda um innleiðingu Fjölskyldubrúarinnar í velferðarþjónustu. Styðja þarf vel við bakið á viðkvæmum fjölskyldum eins og innflytjendum í því skyni að tryggja góð uppvaxtarskilyrði barna.

Stjórnvöld stefna að því að Fjölskyldubrúin hafi verið innleidd í 70% heilsugæslustöðva árið 2018. Sú spurning vaknar hvaða heilsugæslustöðvar verði fyrir valinu og hvers konar þjónusta verði í boði á öðrum heilsugæslustöðvum.

A.5

Með markmiði um reglubundna fræðslu til starfsfólks í félags- og heilbrigðisþjónustu um geðheilsu og geðraskanir er bætt úr brýnni þörf á aukinni þekkingu og skilningi starfsfólks á þessu sviði. Skipulögð þverfagleg fræðsla með virkri þátttöku notenda mun án efa skila sér í aukinni geðrækt, bættri þjónustu og þverrandi fordómum gagnvart fólki með geðræna erfiðleika.

Með hliðsjón af því eru stjórnvöld hvött til að setja sér metnaðarfullra markmið en að ætla sér að miðla fræðslu og þjálfun til aðeins 60% starfsmanna á næstu fjórum árum. Eðlilegra væri að miða við 80-90% starfsfólks bæði fag- og ófagmenntaðs.

A.6

Fram kemur að settur verði á fót starfshópur til að kanna hvort rafræn fjarþjónusta geti komið að notum við meðferð fólks með geðraskanir. Þjóðir á borð við Ástrala hafi nýtt sér rafræna miðla til að stuðla að geðrækt, valdeflingu og bata fólks með geðsjúkdóma með góðum árangri, sjá t.a.m. <https://www.mycompass.org.au/>

Geðhjálp lítur því svo á að meginmarkmið hópsins eigi að vera að kanna reynslu annarra þjóða af því að nýta rafræna miðla til að stuðla að geðheilbrigði og skila af sér raunhæfri áætlun um hvernig nýta mætti miðla af því tagi til að bæta þjónustu við einstaka hópa á Íslandi.

Tryggja þarf að rafræn þjónusta verði ekki til að skerða heldur styðja við aðra þjónustu og bæta árangur. Með öðrum orðum verði rafræn þjónusta árangursrík viðbót við fyrirbyggjandi þjónustu við fólk með geðrænan vanda og allan almenning.

B.1

Lýst er yfir ánægju með að sett verði á fót þverfaglegt teymi í nærumhverfi til að sinna fræðslu, þjálfun og stuðningi við foreldra og fjölskyldur. Þó þykir rétt að benda á hugsanlega skörun þessa verkefnis og innleiðingu Fjölskyldubrúar, sbr. A.4. Minnt er á hversu brýnt er að notendur komi að stuðning og fræðslu við barnafjölskyldur.

B.2

Fagnað er áætlun um skipulagt geðræktarstarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins. Íslenskt samfélag ber að tryggja öllum börnum fræðslu um geðheilsu og helstu geðraskanir. Áhersla er lögð á rétt barna til fræðslu og forvarna, m.a. með hliðsjón af því að talið er að 22-25% af öllum almenningi í hinum vestræna heimi stríði einhvern tíma á ævinni við geðröskun. Því til viðbótar er full þörf á því að efnt sé til almennrar vitundarvakningar gagnvart geðrækt í samfélaginu með svipuðum hætti og gert var í tengslum við útgáfu Geðorðanna tíu fyrir nokkrum árum.

B.3

Geðhjálp er hlynnt því að betur sé fylgst sé með geðheilsu unglinga í grunnskólum landsins. Þó ber að varast ofgreiningar og ætíð þarf að tryggja að mælikvarðar gefi rétta mynd af árangri, t.a.m. er áhugavert að afla sé vitneskju um hvort verkefnið stuðli að fækkun alvarlegri tilvika meðal unglinga, faglegri vinnubrögðum og auknum persónulegum árangri.

B.4

Vart þarf að hafa mörg orð um hversu brýnt er að berjast gegn sjálfsvígum ungmenna og raunar fleiri aldurshópa á Íslandi. Sjálfsvíg hafa t.a.m. verið algengasta dánarorsök karlmannna á aldrinum 18 til 25 ára á Íslandi á allra síðustu árum.

Geðhjálp hefur beitt sér fyrir fækkun sjálfsvíga í þessum hópi á síðustu misserum. Samtökin óska því sérstaklega eftir að taka þátt í vinnu við að stuðla að fækkun sjálfsvíga bæði með altækum forvarnaraðgerðum og sértækum aðgerðum í því skyni að hjálpa einstaklingum. Jafnframt er athygli vakin á framlagi annarra notendafélaga, t.a.m. Lifa og Nýrrar dögunar.

C.1

Geðrænn vandi meðal aldraðra hefur farið vaxandi á Íslandi eins og í fleiri vestrænum löndum hin síðari ár. Því miður hefur þjónustan ekki fylgt eftir aukinni útbreiðslu með þeim afleiðingum að stór hópur aldraðra hefur setið eftir og ekki fengið þjónustu við hæfi, t.a.m. hefur áhersla verð lögð á lyfjainntöku á kostnað annarrar meðferðar.

Geðhjálp fagnar því markmiði stjórnvalda að auka þekkingu starfsmanna hjúkrunarheimila á geðröskunum meðal aldraðra. Hins vegar er þeirri spurningu varpað fram hvort ekki væri farsælla að byggja upp eins konar þekkingarsetur á geðröskunum meðal aldraðra á einu hjúkrunarheimil eða annarri viðeigandi stofnun í því skyni að miðla þekkingu með skipulögðum hætti til allra starfsfólks allra hjúkrunarheimila heldur en að láta stjórnendum á hverju hjúkrunarheimili eftir að afla þekkingar fyrir starfsfólk sitt.

Núverandi verkefnalýsing felur í sér óljósar leiðbeiningar um hvert leita beri eftir slíkri þekkingu/þjónustu.

C.2

Viðvarandi skortur hefur verið á viðeigandi búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða hér á landi. Skorturinn hefur valdið því að á annan tug útskrifaðra sjúklinga á geðsviði Landspítalans hafa búið um lengri eða skemmri tíma á spítalanum. Nú hefur Reykjavíkurborg undir forystu Aðalbjargar Traustadóttur gert gangskör að því að útvega þessum einstaklingum búsetuúrræði við hæfi og er verkefnið komið langt á veg.

Á hinn bóginn eru enn langir biðlistar eftir íbúðum í búsetukjörnum á vegum Reykjavíkurborgar, hjá Félagsbústöðum og hússjóðunum Brynju. Víða á landsbyggðinni veldur skortur á húsnæðisúrræðum því að fólk með geðfötlun hefur ekki val um að búa í heimabyggð. Fjöldinn allur af fullorðnum einstaklingum á biðlista eftir húsnæðisúrræði býr í foreldrahúsum eða við ófullnægjandi aðstæður.

Því er ljóst að full þörf er á því að efnt sé til átaks í því skyni að bæta úr húsnæðisþörf fólks með geðfötlun. Lagt er til að verkefnið verði aðlagð núverandi ástandi í húsnæðismálum

geðfatlaðra með tilheyrandi mælikvörðum um árangur, þ.e. með tilvísunar til styttra biðlista og fjölgun íbúða á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu.

Minnt er á framsækna Stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum í þessu sambandi. Stefnan er byggð á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og bíður frekari útfærslu innan sveitarfélagsins.

C.3

Full þörf er á því að auka þekkingu starfsfólks geðheilbrigðisþjónustu á réttindum sjúklinga til túlkajónustu. Því miður er alltof algengt að sjúklingar af erlendu bergi brotnir eða heyrnaskertir eigi erfitt með að átta sig á orðfæri heilbrigðisstarfsfólks með þeim afleiðingum að þeir hafa ekki sömu forsendur og aðrir til að taka upplýstar ákvarðanir um heilsufari sitt og/eða fyllast ástæðulausum áhyggjum og ótta. Í framhaldi af því lýsir Geðhjálp yfir ánægju sinni yfir að úr þessi verði bætt. Um leið er athygli vakin á því að endurskoða þurfi mælikvarða um árangur. „Aukin notkun túlkajónustu í geðheilbrigðisþjónustu“ er alltof opið viðmið til að þess að gefa vísbendingar um raunverulegan árangur. Meta þarf árangur út frá þörf og fjölda þeirra starfsmanna sem sækja fræðslu.

C.4

Geðhjálp telur ekki nægilega langt gengið með því að fella mat á hugsanlegum bráðavanda inn í reglubundna heilsufarsskoðun hælisleitenda. Stór hópur hælisleitenda hefur sætt umtalsverðu andlegu álagi í heimalandi sínu og/eða á flóttu til annarra landa fyrir komuna til Íslands. Nauðsynlegt er að veita þessum hópi þjónustu við hæfi í því skyni að koma í veg fyrir að hann þrói með sér frekari vanda. Huga þarf sérstaklega að geðheilsu barna hælisleitanda við komuna til Íslands og hugsanlegan flutning til annars lands, jafnvel eftir áralanga búsetu hér á landi.

D.1

Rannsóknir sína að fólk með geðraskanir og geðfötlun verður fyrir hvað mestum fordómum af öllum hópum fatlaðs fólks á Íslandi. Full þörf er á því að efna til átaks í því skyni að draga úr fordómum gagnvart þessum hópi. Í drögunum er lagt til að stofnaður verði hópur til að finna árangursríkar aðgerðir til að draga úr fordómum gagnvart fólki með geðraskanir. Rétt er að vekja athygli á því að fyrir liggur reynsla fjölmargra annarra þjóða af árangursríkum leiðum til að draga úr fordómum gagnvart þessum hópi.

Óhætt er því að ganga skrefinu lengra og óska eftir því að hópurinn skili af sér raunhæfri áætlun um hvernig verði með árangursríkum hætti barist gegn fordómum í íslensku samfélagi. Þá er lagt til að innanríkisráðuneytið, sem ráðuneyti mannréttinda, verði samstarfsaðili í verkefninu. Bent er á að viðeigandi mælikvarði á verkefnið séu viðhorfskannanir meðal almennings fyrir og eftir að efnt er til átaksins.

D.2

Brýnt er að opna augu fjölmiðlafólks fyrir því hvernig fjalla beri um einstaklinga og málefni hópa með geðrænan vanda á fordómalausan hátt. Árangursríkur mælikvarði gæti falist í því að kanna hvort umfjöllun fjölmiðla um fólk með geðraskanir og geðfötlun hafi tekið breytingum eftir að upplýsingaefni hefur verið kynnt fjölmiðlum. Tryggja ber árangur með eftirfylgni. Lagt er til að sérhæfðir háskólar á sviði fjölmiðlunar verði aðilar að verkefninu.

D.3

Geðhjálpar fagnar því að opinberar aðilar eigi frumkvæðið að því að ráða fólk úr hópi öryrkja til starfa. Með sama hætti eru stjórnvöld hvött til að grípa til aðgerða til að hvetja fyrirtæki á almennum markaði til að skapa hlutastörf fyrir fólk með geðraskanir og aðra jaðarhópa. Öflugt átak á þessum sviði mun án efa skila sér í auknum persónulegum og samfélagslegum ávinningi, m.a. með fækkun öryrkja. Ákjósanlegt er að notendur taki þátt í nauðsynlegri fræðslu til annarra notenda á leið út á vinnumarkaðinn, samstarfsfólks og vinnuveitenda.

Æskilegt er að umönnun við einstaklinga með geðrænan vanda verði í höndum notenda þjónustunnar (öryrkja) þar sem þeir eiga auðveldara með að ávinna sér trausti þeirra sem veikjast. Árangursríkir mælikvarðar eru í fjölda starfa fyrir og eftir að efnt hefur verið til átaksins ásamt viðhorfskönnunum á vinnustöðum fyrir og eftir að átakanu hefður verið ýtt úr vör.

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar Landssamtakanna Geðhjálpar,
Hrannar Jónsson.



Hjálagt:

Afrit af bréfi Landssamtakanna Geðhjálpar til heilbrigðisráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra frá 27. maí.